

AUGLÝSING

um staðfestingu á aðalskipulagi Drangness 1986–2006

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19/1964 hefur félagsmálaráðuneytið hinn 11. júlí 1988 staðfest aðalskipulag Drangness 1986–2006.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Kaldrananeshrepps og skipulagsstjórn ríkisins mælt með að hann verði staðfestur.

Félagsmálaráðuneytið, 12. júlí 1988.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.

Nr. 363

REGLUGERÐ

20. júlí 1988

um tollfrjálsan farangur ferðamanna og farmanna við komu frá útlöndum, einkasölugjald o.fl.

1. gr.

Ferðabúnaður og annar farangur.

Ferðamönnum búsettum hér á landi er heimilt að hafa með sér við komu til landsins, án greiðslu aðflutningsgjalda, fatnað og ferðabúnað sem þeir hafa haft með sér héðan til útlanda og auk þess varning fenginn erlendis í ferðinni um borð í flutningsfari eða í tollfrjálsri verslun hér á landi — annan en þann sem talinn er í 2. gr. — fyrir allt að 20 000 kr. að smásöluverði á innkaupsstað. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 10 000 kr., og andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) má þó ekki nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. Börn yngri en 12 ára skulu njóta að hálfu þeirra réttinda er að framan greinir.

Skipverjar og fluglíðar innlendra farartækja svo og íslenskir farmenn og fluglíðar erlendra farartækja sem leigð eru til nota hérlendis af íslenskum aðilum mega hafa með sér án greiðslu aðflutningsgjalda varning slíkan er greinir í 1. og 2. málslið 1. mgr. þessarar greinar fyrir allt að 10 000 kr. við hverja komu til landsins hafi þeir verið skemur en 15 daga í ferð en 20 000 kr. fyrir lengri ferð. Andvirði hvers hlutar má þó ekki nema hærri fjárhæð en 10 000 kr. Taki ferð skemur en einn sólarhring má fjárhæðin þó ekki vera hærri en 4 000 kr. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti), samkvæmt þessari málsgrein má ekki nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. en magn þess má að hámarki vera 10 kg að þyngd.

Ferðamönnum búsettum erlendis er heimilt að hafa með sér, án greiðslu aðflutningsgjalda, íverufatnað, sængurföt, viðlegubúnað og annan ferðabúnað (þ.m.t. matvæli og aðrar vistir) til eigin nota á ferðalaginu, enda geti varningur þessi talist hæfilegur og eðlilegur miðað við tilgang ferðalagsins, dvalartíma viðkomandi hérlendis og hagi hans að öðru leyti og varningurinn verði ennfremur fluttur úr landi við brottför eigandans að svo miklu leyti sem hann eyðist ekki hérlendis. Andvirði matvæla (þ.m.t. sælgæti) sem hver ferðamaður flytur til landsins má ekki nema hærri fjárhæð en 4 000 kr. en magn þess má að hámarki vera 10 kg að þyngd. Magn eldsneytis má að hámarki vera 200 l. Innflutningur annars eldsneytis en er í innbyggðum eldsneytisgeymi bifreiðar er óheimill.

2. gr.

Áfengir drykkir og tóbaksvörur.

Auk varnings skv. 1. gr. er ferðamönnum og áhöfnum heimilt að hafa meðferðis án greiðslu aðflutningsgjalda eftirtalið magn af áfengum drykkjum og tóbaksvörum: